

11
9. mars.

Auglýsing

um staðfesting stjórnarráðsins á samþykkt um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi í Garðsjó.

Samkvæmt lögum nr. 54, 10. nóvbr. 1913, um samþykktir um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi, stafestist hjermeð eftirrituð samþykkt um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi í Garðsjó, sem gjörð hefir verið af sýslunefndinni í Gullbringusýslu og samþykkt á almennum fundi atkvæðisbærra manna á samþiktarsvæðinu.

1. gr.

Halda skal uppi eftirliti úr landi með fiskiveiðum í landhelgi í Garðsjó með vjelarbát, sem til þess er útbúinn, eða á annan tiltækilegan hátt. Skal eftirlitið standa frá 1. apríl til 20. desember ár hvert, í fyrsta sinni á yfirstandandi ári.

2. gr.

Til að standast kostnað af útgerð vjelarbátsins og eftirlitinu á móts við væntanlegt framlag úr landssjóði, skal af hverjum bát, innanhjeraðs eða utan, er til fiskjar gengur á vetrarvertíð á svæði því, er samþykkt þessi nær yfir, sem er Gerða-, Keflavíkur- og Vatnsleysustrandar-hreppar, greiða svo sem hjer segir:

Í Gerðahreppi á vetrarvertíð hverri, í fyrsta sinni á þessu ári af hverjum hlut á opin skip og vjelarbáta, sem til fiskjar ganga í hreppnum, 2 krónur.

Í Keflavíkurhreppi á vetrarvertíð af hverjum hlut á vjelarbát, áttæringa og sexæringa, kr. 1,25 og á smærri báta 75 aura.

Í Vatnsleysustrandarhreppi á sama hátt af vjelarbátum 1 krónu og öðrum bátum öllum 75 aura af hlut.

Vjelarbátar, er til fiskjar ganga á samþiktarsvæðinu utan vetrarvertíðar minst í mánaðartíma, greiði af hverjum hlut, er eigi hefir áður verið greitt af síðastliðna vetrarvertíð, 1 krónu.

3. gr.

Gjaldið greiðist af óskiftum afla, og skal formaður og útgerðarmaður annast um greiðslu þess og hafa greitt það fyrir lok hveðrar vertíðar, sem gjald er greitt fyrir. Má taka það lögtaki á þann hátt, sem segir í lögum 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Gjaldið er skylt að greiða þótt fyrir ófyrirsjáanlegar eða óviðráðanlegar orsakir falli niður eftirlitið kafla af eftirlitstímanum, en það fje, sem eftir kann að vera óeytt, er eftirlit það, er hjer ræðir um, yrði lagt niður með öllu, skal

afhent í sveitarsjóði hlutaðeigandi hreppa eftir líku hlutfalli og greitt hefir verið til eftirlits úr hverjum hreppi á samþyktarsvæðinu.

11
9. mars.

4. gr.

Til að hafa á hendi framkvæmd eftirlitsins skulu hlutaðeigandi hreppsnefndir á samþyktarsvæðinu velja 5 menn í eftirlitsstjórn, er 3 þeirra eru búsettir í Gerðahreppi og hafa á hendi aðalframkvæmdina, en 1 í hvorum hinna, Keflavíkur- og Vatnsleysustrandarhreppi.

5. gr.

Eftirlitsnefndin framkvæmir alt, sem að því lýtur að koma á og halda uppi eftirlitinu, útvegar menn og vjelarbát, og semur um kaup og leigu fyrir, eða ræður mann til að framkvæma eftirlitið gegn umsaminni upphæð. Hún innheimtir gjald það, á eftirlitssvæðinu, sem um ræðir í 2. gr., og sækir um styrk úr landssjóði, og sendir oddvita sýslunefndarinnar glögga skilagrein fyrir innheimtunni og meðferð alls þessa fjár, og endurskoðar sýslunefndin þau reikningsskil.

6. gr.

Eftirlitsnefnd skal hafa umsjón með að sá, er eftirlitið hefir á hendi, ræki það kostgæfilega, sje allan eftirlitstímann stöðugt á varðbergi á eftirlitssvæðinu, er veður leyfir, til að koma í veg fyrir alla óreglu og yfirgang innlendra sem útlendra við fiskiveiðarnar, kæra fyrir öll lögbrot, sem hann kemst fyrir, og halda dagbók yfir alt eftirlitsstarf sitt.

7. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 15. mars 1914.

Þetta er hjermeð gjört heyrum kunnugt.

I stjórnarráði Íslands, 9. mars 1914.

H. Hafstein.

Eggert Briem.